

**Nd.**

**482. Breytingartillögur**

við frv. til laga um viðauka við og breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

**Frá Jóni Baldvinssyni.**

1. Við 1. gr. a. Liðurinn orðist svo:

*Vegna ómegðar.* Sá styrkur skal talinn veittur vegna ómegðar, sem veittur er þeim, er hefir fleiri en 3 skylduómaga, ef það er karlmaður, en ef kona á í hlut, skal fleiri en einn skylduómagi talin ómegð. Til skylduómaga í þessu sambandi teljast að eins þeir, sem í raun og veru eru á framfæri framfæranda, annaðhvort á heimili hans eða á meðgjöf frá honum hjá öðrum.

2. Við 1. gr. b. Síðari hluti liðsins: »eða vottorði — skemri tíma« orðist svo:  
að slys eða vanheilsa, sem styrkþegi á ekki sök á geri hann ófæran til vinnu í tvær vikur eða lengur.